

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2022
UST202211-164/H.G.
04.04

Efni: Umsögn um frumvarp til laga - hollustuhættir - fiskeldi - umhverfismat framkvæmda - 390. mál

Vísað er til erindis dags. 18. nóvember sl. þar sem Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd sendi Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir o.fl. (heimildir til bráðabirgðaráðstafana o.fl.), 390. mál.

Tilfni frumvarpsins er til að bregðast við áminningarbréfi og bráðabirgðaniðurstöðum frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) m.a. vegna veitinga tímabundinna undanþága frá starfsleyfi. Áminningarbréfið lýtur að ágöllum á tilteknum ákvæðum í gildandi lögum um fiskeldi og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og að þau samræmist ekki tilskipun 2011/92/ESB um umhverfismat framkvæmda eins og hún hefur verið túlkuð af Evrópudómstólnum.

Með breytingunum er heimild til veitingar rekstrarleyfis til bráðabirgða samkvæmt lögum um fiskeldi færð frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu til Matvælastofnunar og heimild til veitingar bráðabirgðaheimildar fyrir starfsemi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir færð frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu til Umhverfisstofnunar.

Frumvarpið var lagt fram á 152. löggjafarþingi (457. mál) en hlaut ekki afgreiðslu á Alþingi. Umhverfisstofnun veitti umsögn um málið dags. 23. maí 2022. Stofnunin telur sömu athugasemdir eiga við, þ.e. að óskýrt sé hvað sé átt við með fullnægjandi umsókn og að mikilvægt sé að lögin öðlist ekki þegar gildi þar sem stofnunin þarf rýmri tíma til þess að undirbúa og innleiða þær breytingarnar sem frumvarpið hefur í för með sér.

Útgefandi bráðabirgðaheimildar

Umhverfisstofnun tekur undir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að í ljósi stefnu um einfaldari stjórnábyrgð og styttri boðleiðum mætti fela útgefanda starfsleyfis heimild til að gefa út bráðabirgðaheimild. Með því móti væri sá útgefandi sem er með mesta þekkingu á rekstrinum að veita slíka heimild.

Í tillögunni segir að bráðabirgðaheimild fyrir starfsemi skal háð skilyrðum sem Umhverfisstofnun setur. Stofnunin bendir á að sé starfsemin starfsleyfisskyld hjá heilbrigðisnefnd mun hún að öllum líkindum fá tillögur að skilyrðum frá heilbrigðisnefndinni sem eiginlegur útgefandi starfsleyfisins. Yfirleitt er það

framkvæmdin þegar ráðuneytið veitir undanþágur frá starfsleyfum. Væri það tvíverknaður sem felur ekki í sér skilvirka stjórnsýslu. Stofnunin telur að meiri skilvirkni fælist í að útgefandi starfsleyfis veiti bráðabirgðaheimild líkt og útgefandi starfsleyfis má gefa út, breyta og framlengja starfsleyfi.

Fiskeldi

Í frumvarpinu er lagt til að breyta 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008 um fiskeldi sem felur í sér að Matvælastofnun hafi heimild til að veita rekstrarleyfi til bráðabirgða. Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar, sbr. 4. gr. b. laga nr. 71/2008. Í fiskeldislögum er mælt fyrir um samræmda útgáfu starfsleyfa og rekstrarleyfa, til að mynda á rekstraraðili að senda umsókn um leyfin samtímis og skal Matvælastofnun auglýsa og afhenda leyfin samtímis. Stofnunin telur mikilvægt að skoðað verði samræmda málsmeðferð hvað varðar 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um bráðabirgðaheimild og 21. gr. c. laga nr. 71/2008 rekstrarleyfis til bráðabirgða.

Jafnframt telur stofnunin mikilvægt að ákvæðin verði samræmd t.d. hvað varðar auglýsingu og kröfu um fullnægjandi umsókn. Þar sem ákvæðin eru efnisólík en mættu vera svipaðri.

Brýn þörf og ríkar ástæður

Í 1. mgr. 7. gr. a. frumvarpsins er kveðið á um að *brýn þörf* sé forsenda fyrir veitingu bráðabirgðaheimildar en í 2. mgr. sama ákvæðisins er mælt fyrir um *ríkar ástæður*.

Ástæða beiðni um undanþágu skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 er yfirleitt að brýn þörf sé á að fá undanþágu en meta þarf hvort ríkar ástæður séu fyrir hendi til að veita undanþágu. Í 6. gr. núgildandi laga nr. 7/1998 er gerð krafa um að ríkar ástæður séu fyrir veitingu undanþágu en í frumvarpinu er lagt til að breyta því á þann hátt að brýn þörf þurfi að vera til staðar. Í frumvarpinu eru tekin dæmi um aðstæður þar sem brýn þörf er fyrir hendi til að hefja starfsemi eða halda áfram starfsemi sem felst í að koma í veg fyrir soun á verðmætum, til að koma í veg fyrir slys eða að ef um er að ræða framkvæmd í þágu almannahagsmuna og brýn þörf er á skjótri afgreiðslu. Þetta eru dæmi um ríkar ástæður og því sér stofnunin ekki ástæðuna fyrir því að nota hugtakið brýn þörf í stað ríkar ástæður sem kröfu til að meta þörf á undanþágu.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðubúnir að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur

Sverrir A. Jónsson
teymisstjóri